

1862.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, sem þörf er á, að stjórnarráðið, eptir því sem ástatt er, fellst á, að cand. phil. Halldór Guðmundsson sé fyrst um sinn settur sem kennari við skólann, með þeim kjörum sem þér hafið stungið upp á, og sé það talið frá 1. degi þessa mánaðar; en því skal við bætt, að farið er að skrifast á við fjárstjórnina um, hvort Jón Þor- kelsson, settur adjunkt, eigi að fá launaviðbót eptir kornverði þann tíma, sem hann er settur til að gegna 4. adjunktsembættinu við Reykjavíkurskóla.

**66. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfir-
valdanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýðing
yfir nokkra kafla úr nýja-testamentinu.**

27. októberm.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, háæruverðugi herra, 14. ágúst. þ. á., frá Pètri prófessor Pétursyni og Sigurði prestaskólakennara Melsted í Reykjavík, um styrk til að gefa út 3. deild af riti, sem þeir hafa byrjað á, og heitir: „Þýðing yfir útvalda kafla úr nýja-testamentinu“, hefir stjórnarráðið veitt beiðendum 100 ríkisdali, er það hefir gjört ráð fyrir, að þessi deild ritsins eigi verði stærri en fyrsta deild.

Þetta sé yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi í dag hefir verið boðið að greiða fé þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

**67. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfir-
valdanna á Íslandi, um reglugjörð fyrir barnaskól-
ann í Reykjavík, og instrúx handa kennurunum
við skóla þenna.**

27. októberm.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 16. júlím. þ. á.